



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF ÁGÚSTMÁNAÐAR 2024


 VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM

 FV@VESTFIRDIR.IS  
 WWW.VESTFIRDIR.IS  
 450-6600

# HOLSKEFLA HAUSTSINS

Sumri er tekið að halla, þessu sumri sem sumir vilja halda fram að hafi bara ekki komið, en þrátt fyrir skort á samfelldum dýrðardögum sumars var þetta sumar þrátt fyrir allt ágætlega innihaldsrikt hér á Vestfjarðastofu eins og sjá má á stútfullu fréttabréfi. Haustið tekur brátt við af sumri með allri sinni litadýrð og fegurð.

Starfsfólk Vestfjarðastofu kemur að fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum sem öll miða að því að efla atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum. Blaðamannaferðir til að kynna svæðið sem áfangastað ferðamanna, kynning á félagsstarfi á norðanverðum Vestfjörðum sem hefur fengið heitið „Í góðum félagsskap“, fundir með ráðherrum og þingmönnum um málefni Vestfjarða, fjölbreytt samstarf við fólk og fyrirtæki um alla Vestfirði, svo fátt eitt sé nefnt.



Starfsfólk Vestfjarðastofu er þessa dagana að stilla upp verkefnalistum vetrarins og vikurnar 16 fram til jóla fyllast hratt af spennandi verkefnum. Við erum þessa dagana að leggja síðustu hönd á nýja Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2025-2029. Þegar okkar vinnu lýkur tekur við samráðsferli þar sem öllum gefst kostur á að koma með ábendingar um áherslur og markmið nýrrar Sóknaráætlunar. Að loknu samráði fer Sóknaráætlun til sveitarfélaganna til afgreiðslu.

Við hlökkum til vinnunnar fram undan og hvetjum alla til að taka þátt í viðburðum, samráði og fræðsluverkefnum sem verða auglýst á næstu vikum og mánuðum.

*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir*  
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



# AUGLÝSINGAHERFERÐ VESTFJARÐALEIÐARINNAR VAKTI LUKKU

Frá 28. júní til 19. ágúst, keyrði Markaðsstofa Vestfjarða auglýsingaherferð í samstarfi við Ísafjarðabæ, Bolungarvík, og Vesturbyggð. Vestfjarðaleiðin er ný ferðamannaleið sem liggur um Vestfirði og dali og komu einnig að herferðinni Markaðsstofa Vesturlands og Dalabyggð. Auglýsingaskrifstofan Sahara hélt utan um herferðina og var markmið hennar að draga að innlenda ferðamenn en jafnframt að auka sýnileika Vestfjarðaleiðarinnar og vitneskju Íslendinga um hana.

Markhópurinn fyrir herferðina voru Íslendingar frá 30 ára aldri utan Vestfjarða og notast var við miðlana Meta og Google við birtingar. Auglýsingarnar voru bæði kyrrmyndir og hreyfimyndir sem gripu augu einstaklinga með stuttum, hnyttum skilaboðum. Myndböndin vöktu hrifningu og virkuðu vel í herferðinni en heildarspilun frá upphafi til enda voru 17.227. Mælingar Sahara sögðu að gæði myndbandefnisins hafi verið góð og því náð að fanga og halda athygli áhorfandans.

Heildarfjöldi birtinga voru 25.341.282 og náði herferðin til 126.283 sem er tæplega 33% þjóðar.



**Vestfjarðaleiðin**  
#TheWestfjordsWay



**Vestfjarðaleiðin** *Leiðin í fjörið*  
#TheWestfjordsWay



**Vestfjarðaleiðin** *Leiðin til að njóta*  
#TheWestfjordsWay

[www.vestfjardaleidin.is](http://www.vestfjardaleidin.is)



**Vestfjarðaleiðin** *Sælkeraleiðin þín*  
#TheWestfjordsWay



---

## VESTFJARÐARSTOFA FUNDaðI MEÐ MATVÆLARÁÐHERRA

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar Vestfjarðastofu, Sigríður Kristjánsdóttir, fyrir hönd Vestfjarðastofu og Aðalsteinn Óskarsson, fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áttu fund með matvælaráðherra, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur þann 15. ágúst. Þar hvöttu þau til þess að frumvarp um lagareldi yrði lagt fram á ný og lögðu sérstaka áherslu á að eftirfarandi næði fram að ganga:

- Að umgjörð Fiskeldissjóðs verði breytt til að tryggja tekjustofna sveitarfélaga og fyrirsjáanleika uppbyggingar á svæðunum í takt við eflingu greinarinnar.
- Að efla verulega eftirlit á fiskeldissvæðunum með staðbundnum stöðugildum á viðkomandi svæðum.
- Að fjölga staðbundnum stöðugildum sem sinna rannsóknum á fiskeldissvæðum.

Einnig lýstu þau yfir ánægju með að hafin væri stefnumótun um ræktun og nýtingu þangs og þara og staðfestu boð um aðkomu starfsmanna Vestfjarðastofu í vinnu við slíka stefnumótun. Einnig áréttuðu þau áherslur á rannsóknarþætti sem hafa bæri í huga í stefnumótunarvinnunni og mikilvægi þess að skilyrða rannsóknarleyfi tengd skel og þara. Mikilvægt væri að læra af þeirri reynslu sem hlotist hefur við uppbyggingu sjókvíaeldisins og koma í veg fyrir að aðilar helgi sér svæði án fyrirætlana um framvindu.

Þá fögnuðu þau áhuga ráðherra á bæði menntun í fiskeldi og málefnum sauðfjárræktarsvæða sem Vestfjarðastofa hefur unnið að í samstarfi við önnur landshlutasamtök.

# VESTFIRÐINGAR Í SPJALLI VIÐ HRINGFERÐINA



Vestfirðingar sem vafra um á fréttamiðlum landsins með reglubundnum hætti hafa vafalaust tekið eftir að í sumar hafa birst margar skemmtilegar fréttir af lífinu á Vestfjörðum. Má í því samhengi minnst á fréttir af fólki á svæðinu sem hefur verið að fást við skemmtilega hluti og frásagnir ferðalanga sem mæra eitt og annað sem sækja má í okkar fagra fjórðung. Eitt af því sem vert er að minnst á er Hringferðin sem Morgunblaðið fór í tilefni af 110 ára afmæli blaðsins. Hringferðin felur í sér hvort tveggja hlaðvarpsþætti sem eru á mbl.is þar sem spjallað er við fólk um landið og greinaskrif í prentaða blaðið.

Meðal viðmælenda í Hringferðinni var Sirry framkvæmdastjóri okkar hér á Vestfjarðastofu og ræddi hún bæði þær áskoranir sem Vestfirðir hafa tekið á við síðustu áratugi og þá jákvæðu þróun sem við höfum verið að sjá síðustu ár. Einnig ræddi hún mótun nýrrar sóknaráætlunar sem er í fullum gangi um þessar mundir og hvernig hefur mátt sjá og heyrja bjartsýna Vestfirðinga, í fyrsta sinn í langan tíma, í fullum sóknarhug. Hér má heyrna hlaðvarpið sem er undir yfirskriftinni Hvað ef íbúum fjölgar?



Hringferðin tók einnig hús á Gylfa Ólafssyni sem á síðasta ári lét af störfum sem forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og hefur síðan unnið að uppbyggingu upplifunarsýningar á Ísafirði um sögu þorsksins sem ber vinnuheitið Þorskasaga þjóðar. Á slóðinni hér að ofan má einnig komast inn á spjallið við Gylfa: #41 - Úr forstjórastólnum í sögu þorsksins Þá var einnig rætt við Þorstein Másson, framkvæmdastjóra Bláma, um lífið á Vestfjörðum og hvað fær brottfluttan Vestfirðing til að vilja snúa aftur á heimaslóðir eftir búsetu annarsstaðar. Á slóðinni hér að ofan má einnig komast inn á spjallið við Steina: #42 - Villta vestrið með Steina Más

# BANDARÍSKI SENDIHERRANN Í HEIMSÓKN Á VESTFJÖRÐUM



Bandaríski sendiherrann á Íslandi Carrin Patman kom í heimsókn til Vestfjarða á dögnum ásamt ræðismanninum Körtlu Thomas. Fóru þær víða um svæðið norðanvert og hittu Vestfirðinga sem starfa á ólíkum sviðum. Sölvi Rúnar Guðmundsson hjá Markaðsstofu Vestfjarða og Anna Sigríður Ólafsdóttir hjá Vestfjarðastofu áttu skemmtilegan fund með þeim þar sem þær kölluðu sérstaklega eftir að ræða ferðamál á svæðinu. Með á fundinum var Heimir Hansson hjá Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði og Haukur Sigurðsson, hirðljósmyndari Visit Westfjords. Það fór vel á með sexmenningunum á fundinum og reyndar svo vel að myndavélin var víðsfjarri. Að hluta til var bætt úr því næsta dag er sendiherrann heimsótti Háskólaasetur Vestfjarða og náðist að smella af mynd með Önnsku og Sólva. Patman sem hefur verið sendiherra hér á landi í tvö ár var það hjartans mál að viðhalda þeim góðu samskiptum sem þjóðirnar hafa átt með sér um áratuga skeið.

## Í góðum FÉLAGSSKAP

**KOMDU OG KYNNTU ÞÉR  
ÞANN FJÖLBREYTTA  
FÉLAGSSKAP SEM ÞÚ  
GETUR TEKID ÞÁTT Í Á  
NORÐANVERÐUM  
VESTFJÖRÐUM!**



Laugardaginn 21. september frá klukkan 14:00-16:00 munu fjölmörg félagasamtök og íþróttafélög kynna starfsemi sína í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Öll velkomin að slást í hópinn!



ÍSAFJARDARBÆR



Vestfjarðastofa



BOLUNGARVÍK

# UNGMENNARÁÐ VESTFJARÐA TEKIÐ TIL STARFA

Ungmennaráð Vestfjarða var formlega stofnað í vor á ungmennapingi sem haldið var á Ísafirði. Fyrsti fundur hins nýstofnaða ráðs fór fram á þinginu en ráðið tók svo til starfa þann 26. ágúst síðastliðinn. Á þeim fundi, sem fór fram á netinu, fengu ungmennin kynningu frá Landssambandi Ungmennafélaga (LUF) á starfsemi þess. Eva Brá Önnudóttir, varaforseti LUF leiddi þau þar í allan sannleikann um hvernig LUF gæti gagnast Ungmennaráði Vestfjarða, til að mynda í að koma málefnum þess á framfæri og hvernig þau gætu styrkt sjálf sig á þessum vettvangi. Ákvað ráðið í framhaldinu að sækja um áheyrnaraðild í LUF. Eins var byrjað að ræða hugmyndir fyrir Ungmennaping 2025 sem fer fram næsta vor.



## SÓKNARHÓPUR RÝNIR Í ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

Störf nýrrar stjórnar sóknarhóps Vestfjarða fara vel af stað og var staðfundur haldinn á Patreksfirði 28. ágúst síðastliðinn. Meðal þess sem stjórnin fæst við um þessar mundir er að hafa persónulega samband við alla sem eru aðilar að hópnum og taka stöðuna á fyrirtækjum innan landshlutans. Með því leitast stjórnin við að komast að hver brýnustu málefni í atvinnulífinu eru um þessar mundir; bæði áskoranir og tækifæri. Þá notar hún einnig tækifærið til að kanna hvernig sóknarhópurinn geti helst verið sínu fólki innan handar í þeim áskornum sem það stendur frammi fyrir.

Allt er þetta mikilvægur efniviður sem nota má við að móta störf og áherslur hópsins en jafnframt er hægt að nýta upplýsingarnar til að ákveða þema og áherslur staðfundar sóknarhóps Vestfjarða sem haldinn verður í nóvember.





# MARKAÐSSTOFA VESTFJARÐA VINNUR MEÐ BLAÐAMÖNNUM VÍÐA AÐ

Markaðsstofa Vestfjarða verður vör við aukinn áhuga erlendis frá, bæði frá fjölmiðlum og áhrifavöldum, sem vilja gjarnan sækja Vestfirði heim. Þó fyrirspurnir komi oft frá nálægum löndum geta þær líka borist lengra að og er í haust til að mynda von á sjónvarpsþáttagerðarkonu frá Brasilíu í heimsókn.

Á dögnum fóru blaðamaður og ljósmyndari frá Financial Times í heimsókn á Hornstrandir. Markmið þeirra var að kynna sér sögu bresku radarstöðvarinnar sem starfrækt var á fjallinu Darra í seinni heimstyrjöldinni, ásamt sögu byggðar á Hornströndum. Fóru þeir í þriggja daga göngu, en óhætt er að segja að veðrið sem tók á móti þeim á Hornströndum hafi ekki verið fyrir viðkvæma – ein mesta úrkoma í manna minnum og vestfirska lognið á mikilli hraðferð. Aðspurðir hvort að veðrið hafi haft áhrif á ferðalagið, sögðu þeir: Við vorum blautir en mikið var þetta skemmtilegt! Eftir komuna úr óbyggðum fóru þeir með markaðsstofufólki í ferð um nærliggjandi svæði og skoðuðu meðal annars Bolafjall, Dynjanda og Holtsfjöru.

Móttaka erlends fjölmiðlafólks sem vill kynna sér Vestfirði er reglulegur liður í starfsemi Markaðsstofunnar og hafa ferðaþjónar á svæðinu átt sinn stóra þátt í því að ferðirnar hafa tekist vel.

Móttaka erlends fjölmiðlafólks sem vill kynna sér Vestfirði er reglulegur liður í starfsemi Markaðsstofunnar og hafa ferðaþjónar á svæðinu átt sinn stóra þátt í því að ferðirnar hafa tekist vel.





# LANDSHLUTASAMTÖKIN Á FUND INNVIÐARÁÐHERRA

Landshlutasamtökin á Íslandi áttu fund með innviðaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, þann 15. ágúst. Þar kynntu þau hlutverk sitt og verkefni er viðkoma málaflökk ráðherra og kölluðu eftir sýn hans á byggðaþróun í landinu.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson sátu fundinn fyrir hönd Vestfjarðastofu/Fjórðungssamband Vestfirðinga. Lögðu þau áherslu á nokkra þætti í samtali sínu, meðal annars mikilvægi þess að fjármagn til Sóknaráætlana fylgdi verðlagsþróun.

Samgöngumál eru Vestfirðingum ávallt hugleikin og sögðu þau brýnt að tryggja fjármagn til að ljúka stórframkvæmdum við stofnvegi á Vestfjörðum; brýr við þveranir Djúpaþfjarðar og Gufufjarðar með verklokum 2026 og sjö km kafla á Dynjandisheiði sem átti ljúka á næsta ári. Jafnframt minntu þau á að í gildandi samgönguáætlun væri komið að nýju framkvæmdatímabili 2025-2029 þar sem mikilvæg verkefni bíða enn á Vestfjörðum: Veidileysuháls, Bíldudalsvegur í Arnafirði og Innstrandavegur auk verkefna við tengivegi og viðhald vega. Í málefnum vetrarþjónustu lögðu þau áherslu á að nú þegar þyrfti að ljúka endurskoðun mótandi reglum þjónustunnar og tryggja fjármagn til að auka við þjónustutíma.

Að lokum var áréttuð sú skoðun að forgangs röðun jarðgangaf framkvæmda sé óásættanleg og flýta verði rannsóknum á þeim jarðgangakostum sem settir eru fram í Jarðgangáætlun Vestfjarða sem var afhent innviðaráðherra og Alþingi í febrúar 2023.





# ACT ALONE Í 20 ÁR!

Einleikjahátíðin Act Alone var haldin á Suðureyri og í Súgandafirði dagana 7.-10. ágúst og fagnaði hún að stórum tímamótum, en hátíðin hefur nú verið haldin óslitið í 20 ár! Jafnvel í Covid fannst leið til að deila gleðinni með Vestfirðingum er boðið var upp á einleiki í öllum grunnskólum á svæðinu. Það er sannarlega ekki sjálfgefið að hátíðir eins og þær vestfirsku sem eru margar eru komnar til ára sinna beri til þess gæfu að halda út svo háan starfsaldur. Þar má einna helst þakka seiglu, dug og sýn þeirra sem standa að baki þeim.

Listahjónin Elfar Logi Hannesson og Marsibil Kristjánsdóttir eru þau sem draga vagn Act Alone, en hafa þau sér til fulltingis frábæran og tryggan hóp stjórnar, starfsfólks og stuðningsliðs. Hátíðin er sérlega fjölbreytt og býður hún upp á úrval viðburða á breiðum grunni þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Gríðargóð mæting var á þessa tuttugustu einleikjahátíð og mættu um tvö þúsund manns á þá 23 viðburði sem í boði voru.

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða er stoltur styrktaraðili Act Alone

Meðfylgjandi myndir tók Marsibil Sæmundsdóttir



# UNNIÐ AÐ UMSÓKN Í NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINA

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Magnús Bjarnason hjá Vestfjarðastofu, í samstarfi við kollega þeirra hjá Austurbrú vinna nú að umsókn í Norðurslóðaáætlunina (Northern Periphery and Arctic Programme). Með Íslendingunum í verkefninu eru háskólar og fyrirtæki í Finnlandi og á Írlandi.

Ferli við gerð umsókna í stærri sjóði sem þennan getur verið langt og viðamikið. Í vor var byrjað að móta hugmyndir fyrir umsóknina og í ágústmánuði var haldinn vinnufundur í Tornio í Lapplandi þar sem samstarfshópurinn kom saman og vann að umsókninni. Þórkatla sótti fundinn fyrir hönd Vestfjarðastofu.

Samstarfsverkefni sem þessi skapa tækifæri til að deila reynslu, þekkingu og lausnum á sameiginlegum áskorunum sem snúa að þróun dreifðra byggða. Með þátttöku í slíkum verkefnum getum við lært af svæðum sem glíma við svipaðar áskoranir og við, auk þess að leggja okkar af mörkum þekkingu okkar og reynslu.

Umsókn hópsins snýr að því að efla fyrirtæki í dreifðum byggðum, meðal annars með tæknilausnum og nú er að vona að hún fái hljómgrunn, þannig að verkefnið geti orðið að veruleika og skapað raunveruleg áhrif.



# KROSSNESLAUG FAGNAÐI 70 ÁRA AFMÆLI

Í lok júní var haldið upp á 70 ára afmæli Krossneslaugar í Árneshreppi. Laugin var tekin í notkun þann 5. júlí árið 1954 og voru það ungmennafélagið Leifur heppni og hreppsnefnd Árneshrepps sem stóðu að gerð hennar. Laugin er 12,5 m að lengd, steinsteypt og stendur við fjöruborðið í landi Krossness. Laugin er frekar heit, nær því að vera eins og heitur pottur fremur en sundlaug, en hefur alla tíð notið mikilla vinsælda meðal heimafólks og ferðalanga.

Nýlega var ráðist í gagngerar endurbætur á lauginni og umhverfi hennar. Meðal annars var bætt við öðrum heitum potti, búningsaðstaða öll endurnýjuð og aðstaða fyrir starfsfólk stórbætt.

Í tilefni afmælisins voru mikil hátíðahöld. Grillaðar voru pylsur og boðið upp á kandífloss, þreytt sparifatasund og fleiri íþróttir sem ekki sjást á hverjum degi. Ragnar Torfason tók lagið og eldri höfðingjar rifjuðu upp fyrstu daga laugarinnar, m.a. sögusagnir af því að Pétur gamli í Ófeigsfirði hafi stungið sér til sunds með logandi sígarettu í munnvikinu. Þegar hann kom úr kafinu var enn glóð í sígarettunni. Þótti þetta til marks um gæði vatnsins í lauginni.

Krossneslaug hefur alla tíð þótt afar vel heppnuð og laðar hún árlega að sér fjölda ferðamanna. Úr lauginni má horfa út yfir Norður-Íshafið og er næsta víst að margar laugar sem hafa verið hannaðar hin síðari ár taka mið af henni.





## SKÝRSLA UM FRAMTÍÐ VERNDARSVÆÐIS BREIÐAFJARÐAR LÖGÐ FRAM

Á stjórnarfundum Vestfjarðastofu 28. ágúst var lögð fram skýrsla stýrihóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra. Stýrihópnum, sem tók til starfa haustið 2022, var falið að greina verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess. Skoðaði hann tækifæri og ógnanir fyrir samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins var ætlað að móta tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Verkefnið var unnið í samstarfi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi með stuðningi aðgerðar C9 í Byggðaáætlun.

Eins og greint var frá í frétt Vestfjarðastofu fyrr í sumar þá var skýrsla stýrihópsins var afhent umhverfis-, orku og loftlagsráðherra á fundi í Flatey þann 8. júlí s.l. og í framhaldinu einnig afhent sveitarfélögum sem liggja að Breiðafirði. Efni hennar hefur einnig verið kynnt innviðaráðherra.

Í bókun stjórnar Vestfjarðastofu um málið segir; *Stjórn Vestfjarðastofu hvetur sveitarfélög við Breiðafjörð til að fylgja eftir niðurstöðum Breiðafjarðarskýrslunnar eftir atvikum í samstarfi við Vestfjarðastofu og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.*

## SUMARMARKAÐIR VESTFJARÐALEIÐARINANR

Í sumar stóð Vestfjarðaleiðin fyrir sumarmörkuðum í samstarfi við smáframleiðendur á Vestfjörðum og í Dölum. Markaðirnir fóru fram í Búðardal, á Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði. Þó okkur leiðist að viðurkenna það lék veðrið ekki beint við Vestfirðinga í sumar og því þurfti að færa markaðinn á Hólmavík inn í hús. Á Ísafirði passaði tímasetning markaðsins fullkomlega inn á milli slagveðursrigninga, svo það rétt slapp til. Almennt ríkti ánægja með framtakið bæði hjá þátttakendum og aðnjótendum og ekki loku fyrir það skotið að þetta verði fastur liður í sumardagskránni.





# OPIÐ FYRIR UMSAGNIR UM SVÆÐISÁÆTLUN UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS Á VESTFJÖRÐUM OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum vinna nú að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Tillaga að svæðisáætlun, ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, liggur nú fyrir. Gefst nú almenningi sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma athugasemdum sínum á framfæri áður en áætlunin er afgreidd af viðkomandi sveitarstjórnnum.

Hægt er að kynna sér tillöguna hér, einnig má gera svo á vefsíðu Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Skriflegar ábendingar og athugasemdir skulu berast í síðasta lagi þriðjudaginn 8. október 2024 á netfangið [stefan@environice.is](mailto:stefan@environice.is) eða í pósti á heimilisfangið:

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf.  
v/ Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum  
Hvanneyrargötu 3  
311 Hvanneyri

KÆRI ÍBÚI

TAKTU  
ÞÁTT OG  
HAFÐU  
ÁHRIF!



SKANNAÐU

Hvaða þjónusta skiptir þig  
máli í þinni heimabyggð?

Þjónustukönnun  
Byggðastofnunar 2024